

L Ö G

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, sbr. lög nr. 29 9. maí 1955 og lög nr. 23 12. maí 1960.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

11. gr. laganna breytist þannig:

- a. Á eftir c-lið II. liðar komi nýr liður, svo hljóðandi:
Plógræsi kr. 0.20 pr. m.
- b. III. liður orðist svo:

Framræsla vegna túna-, akra-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir skurðir):

65% rekstrarkostnaðar við gróft skurðanna, en hann telst þessi:

Leiga greidd vélasjóði eða öðrum aðila, viðgerðarkostnaður, sem ekki er innifalinn í leigunni, virar, hlerar og olíur og mannahald, eftir því sem er ákveðið eða samþykkt af stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Ákvæðisvinna skal viðhöfð við skurðgróft, þar sem því verður við komið. Ríkisframlög á vélgröfuskurði, sem ræktunarsambönd og búnaðarfélög og einstaklingar láta grafa með eigin vélum eða leiguvéllum, greiðast ekki á hærri kostnað en þann, sem Búnaðarfélag Íslands telur eðlilegan á viðkomandi ræktunarsvæði, enda leiti það upplýsinga um raunverulegan kostnað hjá Landnámi ríkisins og Vélasjóði.

2. gr.

VII. liður laganna orðist svo:

Heyhlöður:

- a. Þurrheyshlöður, steypar með járnþaki eða þaki úr öðru efni jafngóðu kr. 1.00 pr. m³
- b. Þurrheyshlöður á steypum grunni úr timbri, asbesti, jární eða öðru jafngildu efni — 0.75 — —
- c. Votheyshlöður, steypar með þaki úr varanlegu efni — 5.50 — —
- d. Garðávaxtageymslur, steypar með þaki úr varanlegu efni .. — 5.50 — —
- e. Súgburkkunarkerfi í þurrheyshlöður, miðað við gólfhlöt — 12.00 — m²
- f. Súgburkkunarkerfi með fasttengdum blásara — 18.00 — —

3. gr.

2. mgr. ákvæða til bráðabirgða sbr. 6. gr. laga nr. 29/1955, 2. gr. laga nr. 23/1960 og 2. gr. laga nr. 10/1963 orðist svo:

Til ársloka 1972 skulu þau býli, er hafa minna en 25 ha tún, njóta 450 króna framlags á ha til jarðræktar (þar á meðal vegna kalskemmda) og 3 kr. á hvern m³ í handgröfnum skurðum, ef ekki þykir að dómi Búnaðarfélags Íslands fært að fá skurðgröfu til að vinna verkið, hvort tveggja að viðbætti verðlagsuppbót.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til þeirra framkvæmda, er gerðar voru á árinu 1963.

Gjört í Reykjavík, 18. apríl 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.